

Uppgjör HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi 2018

- Rekstrartekjur samstæðunnar voru 50,2 m€
- EBITDA var 7,8 m€ (15,5%)
- Hagnaður tímabilsins var 3,3 m€
- Handbært fé frá rekstri nam 9,9 m€
- Einungis voru fryst 1.265 tonn af loðnuhrognum nú á móti 3.736 tonnum 2017

Rekstur fyrstu þriggja mánaða ársins 2018

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi ársins 2018 námu 50,2 m€, samanborið við 42,0 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 7,8 m€ eða 15,5% af rekstrartekjum, en var 7,4 m€ eða 17,6% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 1,3 m€, en voru neikvæð um 0,5 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 1,4 m€, en voru jákvæð um 0,5 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 4,1 m€ og hagnaður tímabilsins var 3,3 m€.

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur					
í þúsundum evra	F1 2018	F4 2017	F3 2017	F2 2017	F1 2017
Seldar vörur	50.152	58.423	62.019	54.817	41.996
Kostnaðarverð seldra vara	(40.313)	(53.910)	(43.220)	(46.141)	(33.111)
Vergur hagnaður	9.839	4.513	18.799	8.676	8.885
Aðrar tekjur	0	9.352	0	101	1.139
Útflutningskostnaður	(2.529)	(2.989)	(3.486)	(2.581)	(1.889)
Annar rekstrarkostnaður	(3.330)	(3.675)	(764)	(3.315)	(3.195)
Rekstrarhagnaður	3.980	7.201	14.549	2.881	4.940
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(1.269)	(1.518)	(2.167)	(1.062)	(463)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	1.371	1.905	2.084	530	518
Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.082	7.588	14.466	2.349	4.995
Tekjuskattur	(831)	(62)	(2.824)	(405)	(1.280)
Hagnaður tímabilsins	3.251	7.526	11.642	1.944	3.715
EBITDA	7.793	3.435	18.383	6.535	7.377

Uppgjör HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi 2018

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 508,6 m€ í lok mars 2018. Þar af voru fastafjármunir 424,6 m€ og veltufjármunir 84,0 m€. Eigið fé nam 259,9 m€, eiginfjárhlutfall í lok mars var 51,1%, en var 51,6% í lok árs 2017. Heildarskuldir félagsins voru í marslok 248,8 m€.

Efnahagsreikningur 31.03.2018 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	31.03.2018	31.12.2017
Fastafjármunir	424.586	415.703
Veltufjármunir	84.054	82.389
Eignir samtals	508.640	498.092
Eigið fé	259.884	257.172
Langtímaskuldir	169.772	172.111
Skammtímaskuldir	78.984	68.809
Eigið fé og skuldir samtals	508.640	498.092

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 9,9 m€ á tímabilinu, en nam 4,1 m€ á sama tíma fyrra árs. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 12,6 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 1,0 m€. Handbært fé lækkaði því um 1,7 m€ á tímabilinu og var í lok mars 15,9 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	2018	2017
í þúsundum evra	1.1.-31.03	1.1.-31.03.
Handbært fé frá rekstri	9.930	4.127
Fjárfestingarhreyfingar	(12.605)	(16.426)
Fjármögnunarhreyfingar	1.014	14.941
Lækkun á handbæru fé	-1.661	2.642
Handbært fé í lok tímabilsins	15.942	9.976

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrsta ársfjórðungs 2018 (1 evra = 124,02 kr) verða tekjur 6,2 milljarðar króna, EBITDA 1,0 milljarður og hagnaður 0,4 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 31. mars 2018 (1 evra = 121,16 kr) verða eignir samtals 61,6 milljarðar króna, skuldir 30,1 milljarðar og eigið fé 31,5 milljarðar.

Uppgjör HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi 2018

Skipastóll og afli

Í janúar var ísfiskstogariinn Akurey AK-10 tekinn í notkun og á sama tíma var Sturlaugi AK-105 lagt. Verið er að gera Viðey RE-50 tilbúna til veiða og er gert ráð fyrir að farið verði í fyrsta prufutúrinn í júní, á sama tíma verður Ottó N. Þorláksson RE-203 afhentur nýjum eiganda.

Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2018 var afli skipa félagsins 11,1 þúsund tonn af botnfiski og 39,0 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Kynningarfundur þann 31. maí 2018

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi verður haldinn fimmtudaginn 31. maí klukkan 8:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum.